



FFSÍ

FARMANNA- OG  
FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Grensásvegi 13 - 108 Reykjavík - Sími 520 1281 - Fax 520 1289

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/15*  
*komudagur 18.6.2013*

B/t Atvinnuveganefndar

13. Júní 2013

Efni: Umsögn um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðarákvæða) Þingsjal 3. -3. mál.

FFSÍ lýsir vonbrigðum með að framlengd skuli ákvæði sem renna áttu út og gagnrýnd hafa verið af núverandi stjórnarflokkum. FFSÍ lýsir jafnframt skilningi á að lengri tíma þurfi til að fara ofan í saumana á ýmsum sérákvæðum sem fram hafa komið gegn um tíðina vegna pólitískra skammtímahagsmuna, fremur en að horft væri til þjóðhagslegrar hagkvæmni.

F.h. FFSÍ

Árni Bjarnason



# HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/48**  
**komudagur 19.6.2013**

Reykjavík, 19.06.2013  
Tilv. 90.13  
JS/mþ

## Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (framlenging bráðabirgðaákvæða), 3. mál, 142. löggjafarþing 2013-2014

Vísað er í erindi atvinnuveganefndar Alþingis með beiðni um umsögn Hafrannsóknastofnunar um framlagt frumvarp til laga um stjórn fiskveiða (framlengingu bráðabirgðaákvæða), dags. 12. júní 2013.

Í ákvæði til bráðabirgða VIII (3. gr. frumvarps) er kveðið á um heimild til ráðherra til ráðstöfunar, til sérstakrar úthlutunar á 2000 lestum af íslenskri sumargotssíld, 2000 lestum af norsk-íslenskri síld og 1200 lestum af skötusel. Nauðsynlegt er að ofangreindur afli sé dreginn frá áður en kemur til úthlutunar aflaheimilda samkvæmt tillögu Hafrannsóknastofnunar. Varðandi síld ætti það ekki að vera vandkvæðum bundið. Hvað skötusel varðar skal varað við að lagaheimild þessi gæti leitt til verulegs skötuselsafla umfram þann 1500 lesta hámarksafla sem Hafrannsóknastofnun hefur lagt til fyrir komandi fiskveiðiár.

Í 4. gr. frumvarps er gert ráð fyrir að í stað ákvæðis um ráðstöfun alls 4500 lesta af þorski og 1100 lesta af ufsa verði heimiluð ráðstöfun á alls 5600 lestum af botnfiski. Þar sem hér getur orðið um verulegan afla af einstökum tegundum botnfisks, er mikilvægt að áætlaður afli tegunda botnfisks liggi fyrir og hann dreginn frá áður en aflamarki er úthlutað í samræmi við ákvæði síðustu mgr. 4. gr.

F.h. Hafrannsóknastofnunar,

Jóhann Sigurjónsson



**Atvinnuveganefnd Alþingis**

Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. júní 2013

**Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðaákvæða), 3. mál.**

Atvinnuveganefnd Alþingis hefur óskað eftir umsögn Landssambands íslenskra útvegsmanna, Samtaka fiskvinnslustöðva og Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp.

Samtökin hafa ítrekað lýst þeirri skoðun sinni í umsögnum til Alþingis að styðjast eigi við aflahlutdeildarkerfið. Samtökin mótmæla harðlega þeim skerðingum á aflahlutdeildum sem felast í frumvarpinu. Með skerðingunum á meðal annars að ráðstafa umtalsverðum aflaheimildum til svokallaðra strandveiða, sem felur í sér sóun verðmæta. Það stingur sérstaklega í augun að margir þeir sem nú stunda strandveiðar seldu aflahlutdeild sína til þeirra sem nú þurfa að þola skerðingu vegna strandveiðanna.

Óskiljanlegt er, ef Alþingi veitir ráðherra heimild til að ráðstafa allt að 1.200 tonnum af skötusel framhjá aflahlutdeild. Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar í skötusel á næsta fiskveiðiári er 1.500 tonn. Samkvæmt ástandsskýrslu stofnunarinnar sem kynnt var 6. júní síðastliðinn eru allir árgangar frá 2008 til 2012 taldir litlir og fyrirsjáanlegt að veiðistofninn muni minnka ef sókn í hann verður svipuð og verið hefur undanfarin ár. Þá kemur fram að nýliðun undanfarinna fimm ára mælist svipuð og hún var fyrir aldamót, en þá var árlegur afli skötusels á bilinu 500-700 tonn.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtök fiskvinnslustöðva

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/13*  
*komudagur 18.6.2013*



16. júní 2013

**Atvinnuveganefnd Alþingis**

Jón Gunnarsson formaður

Efni: Umsögn Landssambands smábátæigenda um frumvarp um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.  
Mál nr. 3 - Þingskjal nr. 3

Landssamband smábátæigenda (LS) gerir ekki athugasemdir við þau ákvæði laga um stjórn fiskveiða sem hér er lagt til framlengist um eitt ár. Þar með talið er að skýrt verði kveðið á um að óheimilt verði að framselja veiðiheimildir sem falla undir 3. gr. frumvarpsins:

- skötusel
- norsk-íslensk síld
- íslensk sumargotssíld

Í d-lið 4. gr. er lagt til að aflaheimildir sem þar er kveðið er á um skuli dregnar frá leyfðum heildarafla áður en kemur til skiptingar sbr. hlutdeild. Á yfirstandandi fiskveiðári voru þessar veiðiheimildir hrein vibót við útgefinn leyfilegan heildarafla. LS vill að svo verði áfram og skorar á atvinnuveganefnd að taka undir þau sjónarmið með því að fella niður d-lið 4. greinar.

Virðingarfyllst

---

Arthur Bogason formaður

---

Örn Pálsson framkvæmdastjóri

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 142/36**  
**komudagur 19.6.2013**

Nefndasvið Alþingis  
B.t.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. júní 2013

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðaákvæða), 3. mál.**

#### **Almennt**

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum (framlenging bráðabirgðaákvæða). Lagt fyrir Alþingi á 142. löggjafarþingi 2013. Félagsmenn Félags atvinnurekenda, Samtök íslenskra fiskimanna (SÍF) hafa mikla hagsmuni af því að vandað sé vel til verka þegar settar eru reglur um stjórn fiskveiða. Sjónarmiðum um jafnræði, bætt og betra samkeppnis- og viðskiptaumhverfis sjávarútvegsfyrirtækja verði haft að leiðarljósi við slíka vinnu.

#### **Athugasemdir**

Undirritaður fyrir hönd samtakanna vill gera nokkrar athugasemdir við umrætt frumvarp að því er varðar jafnræði, samkeppnis- og viðskiptastöðu sjávarútvegsfyrirtækja. Samtökin áskilja sér hinsvegar rétt til að koma með frekari ábendingar er á síðari stigum í þinglegri meðferð frumvarpsins.

*1. Lagaleg mismun í þágu eins fyrirtækis í Grindavík á ekki að líðast. Vanvirðing Alþingismanna við sett lög er óásættanleg.*

Í 1. gr. frumvarpsins er áfram gert ráð fyrir framlengingu á undanþágu vegna hámarks á krókaafhlutdeild sem einn aðili má ráða yfir.

**SÍF mótmælir þessu og hvetur Alþingi til að beita sér fyrir því að lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 verði virt og ekki verði framlengt þetta bráðabirgðaákvæði. Það er með öllu óeðlilegt að einu fyrirtæki á landinu, staðsett í Grindavík, sé hyglað með slíkum hætti í lagsetningu á Alþingi. Miklu frekar á að virða lögum og hætta með bráðabirgðaákvæði sem hyglar einu fyrirtæki umfram önnur í sjávarútveginum á Íslandi.**

*2. Sérstök úthlutun íslenskrar sumargotsíldar, norsk-íslenskrar síldar og skötusels.*

Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um framlengingu á sérstakri úthlutun á íslenskri sumargotsíld, norsk-íslenskri síld og skötusel.

SÍF fagnar því að áfram verði sérstakar úthlutanir viðhafðar í ofangreindum tegundum. Samtökin vilja hins vegar koma á framfæri athugasemdum við 3. gr. frumvarpsins.

**SÍF leggur til að sérstaka úthlutunin í íslenski sumargotssíld verði 4.000 tonn í stað 2.000 tonna og krókaafلامarksbátum verði veitt heimild til að veiða íslenska sumargotsíld í lagnet.**

### 3. Aukning aflaheimilda til strandveiða og í byggðakvóta

Í 4. gr. frumvarpsins er lagt til að auknar verði aflaheimildir til strandveiða og í byggðakvóta. SÍF fagnar þessu en vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum.

**SÍF leggur áherslu á að tekið verði upp dagakerfi smábáta í stað núverandi strandveiða með óframseljanlegum dögum.**

**SÍF beinir því til alþingismanna að Ísland verði eitt strandveiðisvæði og aflaheimildir strandveiðibáta verði auknar enn frekar.**

**SÍF biður alþingismenn um að setja inn ákvæði í lög um stjórn fiskveiðan nr. 116/2006 sem heimilar strandveiðibátum að róa til fiskjar á sunnudögum og landa á sunndögum. Það þjónar hagsmunum bæði strandveiðibáta og fiskvinnslunar í landi að geta keypt afla strax á mánudegi eftir helgi.**

**SÍF vill að óheimilt verði að útiloka strandveiðibáta, sem og önnur fiskiskip sem veiða minna en 20 þorskígildistonn frá möguleikum á byggðakvóta líkt og tíðkast hefur í úthlutun byggðakvóta í Stykkishólmi á undanförunum árum.**

**SÍF leggur ofuráherslu á að óheimilt verði að úthluta byggðakvóta á grundvelli skráðrar aflahlutdeildar, hvork sem er í rækju, skel eða bolfisktegundum eins og gerst hefur ítrekað í Stykkishólmi, Hvammstanga og Blönduósi á síðustu árum. Þeir aðilar sem EKKI ráða yfir aflahlutdeild í t.d. rækju eða skel sitja þar af leiðandi EKKI við sama borð í viðkomandi byggðarlögum ef þetta fær að viðgangst áfram.**

Að lokum áskilur undirritaður sér rétt til að koma frekari athugasemdum á framfæri á síðari stigum.


Undirritaður lýsir sig jafnframt reiðubúinn til að funda um efnið sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Finnbogi Vikar

---

f.h. stjórn SÍF



# SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Sætúni 1 · 105 Reykjavík · Sími 561 0769 · Símbref 561 0774

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 142/8*  
*komudagur 14.6.2013*

Reykjavík 14. júní 2013.


**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, 3. mál.**

Með frumvarpinu er ætlunin að framlengja gildi bráðabirgðaákvæða sem samkvæmt gildandi lögum eiga að falla úr gildi í lok yfirstandandi fiskveiðiárs.

Sjómannasamband Íslands hefði kosið að bráðabirgðaákvæði VIII og bráðabirgðaákvæði IX í gildandi lögum rynnu sitt skeið í lok yfirstandandi fiskveiðiárs eins og lögin gera ráð fyrir. Sjómannasamband Íslands er því mótfallið 3. og 4. grein frumvarpsins sem gerir ráð fyrir framlengingu á þessum bráðabirgðaákvæðum þannig að þau gildi einnig á næsta fiskveiðiári.

Að öðru leyti gerir Sjómannasamband Íslands ekki athugasemd við frumvarpið.

f.h. Sjómannasambands Íslands,

  
Hólmgeir Jónsson